

10. FUNDUR SAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Mánudaginn 29. mars 2021, var fundur haldinn í Zoom kl. 17.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Þóra Sverrisdóttir.

Frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson, Guðmundur Egill Erlendsson, varamaður, og Alexandra Jóhannesdóttir

Frá Blönduósbæ: Guðmundur Haukur Jakobsson, Valdimar O. Hermannsson og Jón Örn Stefánsson.

Frá Skagabyggð: Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson.

Forföll: Kristín Björk Leifsdóttir boðaði forföll. Guðmundur Egill Erlendsson mætti í hennar stað.

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skilabréf og álit samstarfsnefndar

Sveitarstjórnir Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar hafa allar fjallað um skilabréf og álit samstarfsnefndar á tveimur fundum eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 119. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarstjórnirnar hafa allar samþykkt að kosning skuli fara fram 5. júní nk. og að fela samstarfsnefnd að undirbúa atkvæðagreiðslu og kynna tillöguna og helstu forsendur hennar fyrir íbúum.

Sveitarstjórnirnar hafa allar lýst því yfir að þær muni ekki nýta heimild í 2. mgr. í 120. gr. sveitarstjórnarlaga, komi til þess að sameiningartillaga verði samþykkt af íbúum í hluta sveitarfélaganna, nema að undangengnu samráði við íbúa. Í því felst að hafni íbúar einhvers sveitarfélaganna tillögu um sameiningu í kosningum, munu aðrar sveitarstjórnir ekki taka ákvörðun um sameiningu þeirra sveitarfélaga án þess að hafnar verði nýjar sameiningarviðræður og kosið að nýju.

Sveitarstjórnirnar leggja áherslu á að fylgt verði þeim áherslum sem fram hafa komið á fundum samstarfsnefndar með þingmönnum og ráðherrum varðandi brýn verkefni í atvinnu- og byggðamálum í Austur-Húnavatnssýslu, svo sem stuðningi við stofnun Umhverfisakademíu, uppbyggingu ferðamannastaða, og fjölgun starfa við innheimtuþjónustu sýslumanns á Blönduósi og Vinnumálastofnunar á Skagaströnd.

Þá er að mati sveitarstjórnanna mikilvægt að átak verði gert í viðhaldi héraðs- og tengivega með það fyrir augum að tryggja greiðar samgöngur innan nýs sveitarfélags.

Í Skagabyggð komu fram áhyggjur af hertum samkomutakmörkunum. Rætt var um möguleg viðbrögð við hertum samkomutakmörkunum. Ákveðið að bíða með frekari umræður þar til ljóst er hvaða takmarkanir taka við af núgildandi reglum.

2. Fundir með þingflokkum

Formaður hefur óskað eftir fundum með þingflokkum. Áætlað er að þeir fari fram rafrænt 14.-26. apríl. Þingflokkar Miðflokks, Sjálfstæðisflokks, Vinstri Grænna og Flokks fólksins hafa staðfest tíma. Viðreisn og Píratar hafa svarað en tími hefur ekki verið staðfestur. Svör hafa ekki borist frá þingflokki Samfylkingar.

Rætt var um það hverjir verða fulltrúar nefndarinnar á fundunum og hver áhersluatriðin í skilaboðum þeirra til þingflokka skuli vera. Ákveðið að oddvitar verði fulltrúar hópsins. Magnús mætir fyrir Dagnýju 14. apríl.

Áhersluatriði og skilaboð fulltrúanna til munu byggjast á áherslunum í bókunum sveitarstjórna við afgreiðslu skilabréfs og álits samstarfsnefndar. Ráðgjafar setja saman minnisblað fyrir fundina með kynningu á verkefninu og áhersluatriðunum.

3. Umhverfisakademía

Fulltrúar í starfshópi um Umhverfisakademíu fóru yfir stöðu málsins. Hópurinn er að leggja lokahönd á drög að samþykktum fyrir lýðskóla og verkefnislýsingu. Gert er ráð fyrir því að Umhverfisakademían verði rekin samhliða öðrum rekstri á Húnavöllum. Tillaga að stofnfé verður lögð fram samhliða greinargerð starfshópsins á næsta fundi samstarfsnefndar.

4. Kynningarmál og almannatengsl

Lögð fram tilboð í ráðgjöf við kynningarstarf. Tilboð bárust frá KOM ráðgjöf og H:N markaðssamskiptum.

KOM ráðgjöf	kr. 1.725.000,-
H:N markaðssamskiptum	kr. 1.929.100,-

Munur er á forsendum tilboðanna og þau því ekki að fullu sambærileg. Ákveðið að semja við H:N Markaðssamskipti á grundvelli reynslu þeirra af samskonar verkefnum. Formanni og ráðgjöfum falið að ganga frá samningi.

Rætt um tímasetningu íbúafunda. Ákveðið að stefna að íbúafundum á Húnavöllum í Húnavatnshreppi 26. apríl, í Skagabúð í Skagabyggð 27. apríl, í Félagheimilinu á Blönduósi 19. maí og í Fellsborg á Skagaströnd 20. maí. Fundirnir verða haldnir kl. 20.

Stefnt er að dreifingu á kynningarriti með Feyki 12. maí.

Viðburðir sem hafa þarf til hliðsjónar eru Ársþing SSNV sem haldið verður 16. apríl og landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. maí.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst hjá sýslumanni og í sendiráðum Íslands erlendis 10. apríl. Ákveða þarf hvort atkvæðagreiðsla fer fram annarsstaðar í umboði sýslumanns. Róbert fundar með formönnum kjörstjórna og sýslumanni.

5. Næsti fundur samstarfsnefndar

Lagt er til að næsti fundur fari fram um miðjan apríl þegar ákvörðun um samkomutakmarkanir liggur fyrir. Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verður haldinn á mánudaginn 19. apríl kl. 15.

Fundargerð borin upp og staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 18:10.